



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 10. febrúar, 2014

Ákvörðun nr. 3/2014

Samruni AerCap Holdings N.V. og International Lease Finance Corporation

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 6. janúar sl. barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning vegna samruna AerCap Holdings N.V. (hér eftir AerCap) og International Lease Finance Corporation (hér eftir ILFC) í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Getur slík breyting m.a. falið í sér að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.

Samkvæmt samrunaskrá sérhæfir AerCap sig fyrst og fremst í fjármögnun og útleigu flugvéla, þar sem fyrirtækið útvegar flugfélögum flugvélar með því að kaupa þær og leigja flugfélaginu til baka. AerCap á 228 flugvélar sem það leigir til 73 flugfélaga í 40 löndum. AerCap starfar einnig á markaði fyrir útleigu hreyfla, markaði fyrir sölu flugvéla og markaði fyrir eignastýringu, en sá hluti starfseminnar er hverfandi.

ILFC starfar einnig á markaði fyrir fjármögnun og útleigu flugvéla og á 1002 flugvélar. ILFC er líka á markaði fyrir viðhald og varahluti til flugvéla og markaði fyrir stýringu eigna sem tengjast flugmarkaðnum.

Segir í samrunaskrá að eðli samrunans sé með þeim hætti að AerCap eignist 100% hlutabréfa í ILFC með greiðslu í reiðufé og hlutabréfum í AerCap. Móðurfélag ILFC, American International Group Inc. (hér eftir AIG), mun því eftir samrunann eiga 46,2% hlutabréfa í AerCap, án þess þó að ná yferráðum í fyrirtækinu (vegna skilyrða samrunans um takmörkuð yferráð AIG yfir AerCap eftir samrunann). Aðalstarfsemi beggja félaga er eins og áður sagði fjármögnun og útleiga flugvéla



og gætir áhrifa samrunans fyrst og fremst á þeim markaði. Samkvæmt skýrslu Flightglobal, *Aircraft Finance 2012*¹, er stærsti aðilinn á markaði fyrir fjármögnun og útleigu flugvéla á árinu 2012, GECAS (í eigu alþjóðasamsteypunnar General Electric), með flugflota upp á \$34.581m. ILFC og AerCap, næststærsti og þriðji stærsti keppinauturinn, eru með flugflota upp á \$27.801m og \$8.447m hvor um sig. Hið sameinaða fyrirtæki yrði því með flugflota upp á \$36.248 og því stærra en GENCAS.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Í fyrrnefndri skýrslu Flightglobal kemur einnig fram að virði flugflota GECAS og ILFC, tveggja stærstu keppinautana á þessum markaði, hafi dregist saman frá 2011 til 2012. AerCap, hins vegar, hafi aukið virði flugflota síns um tæp 25% þrátt fyrir að vera þrisvar til fjórum sinnum minni en stóru keppinautarnir tveir. Margir aðrir smærri keppinautar juku virði síns flugflota einnig verulega á tímabilinu.

Báðir samrunaaðilar eru með starfsemi á Íslandi og veita íslenskum flugfélögum þjónustu. Samkeppniseftirlitið leitaði sjónarmiða helstu viðskiptavina samrunaaðila hér á landi. Var það samdóma álit þeirra sem rætt var við að kaupendastyrkur væri mikill á þessum markaði og hörð samkeppni. Samruni AerCap og ILFC myndi engu breyta þar um.

Þá segir í samrunaskrá að landfræðilegir markaðir sem samrunaaðilar starfa á séu heimurinn allur, enda auðvelt að flytja flugvélar á milli landa.

III.

Niðurstaða

Eins og áður sagði getur Samkeppniseftirlitið ógilt samruna eða sett honum skilyrði ef stofnunin telur að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Telja samrunaaðilar að samruni þessi muni hafa jákvæð áhrif á þeim mörkuðum sem aðilar starfa á. AerCap sé þekkt fyrir góða þjónustu og fjármögnun og ILFC fyrir góð sambönd og fjölbreyttan flota flugvéla. Með samrunanum verði til stærra og öflugra fyrirtæki, sem sé betur í stakk búið til að veita stærsta aðilanum á markaði, GECAS, harða samkeppni.

¹ <http://www.flightglobal.com/news/articles/aircraft-finance-special-report-2012-storage-levels-to-increase-this-369940/>



Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni AerCap og ILFC muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni hér á landi. Þannig er sameiginleg hlutdeild samrunaaðila á þeim sviðum viðskipta þar sem áhrifa samrunans gætir ekki það há að hún veiti vísbendingar um að samruninn hindri virka samkeppni. Á það einnig við á Íslandi en það er álit viðskiptavina samrunaaðila hér á landi sem eftirlitið hefur aflað upplýsinga hjá að samruninn muni ekki hindra virka samkeppni. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna AerCap og ILFC á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Yfirtaka AerCap á ILFC felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson